

Samantekt umræðna frá 20. ársfundi Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa

Hótel Kea, Akureyri 8. nóvember 2017

Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda sveitarfélaga og forstöðumanna náttúrustofa var haldinn þann 8. nóvember 2017 á Akureyri. Yfirskrift fundarins var *Ný náttúruminjaskrá – áhrif í sveitarfélögum*. Að þessu sinni voru umræður á dagskrá fundarins bæði fyrir og eftir hádegi. Í fyrri umræðunum var kynningarferli náttúruminjaskrár tekið fyrir, hvernig best væri að ná til fólks á meðan á kynningartímanum stæði og hvaða gögn ætti að setja fram. Niðurstöður þeirra umræðna eru hér að neðan undir liðnum: *Umræður I – Kynningarferli náttúruminjaskrár*.

Seinni umræðurnar tengdust allar verndarráðstöfunum á náttúruverndarsvæðum. Niðurstöður seinni umræðna eru undir liðnum: *Umræður II – Verndarráðstafanir*.

Umræður I – Kynningarferli náttúruminjaskrár

a. Hvernig virkjum við samráðið?

Með fundum

Í umræðunum var nefnt að mikilvægt væri að halda góða fundi, til dæmis var nefnt að kynningarfundir gætu virkað vel til þess að virkja samráð. Þá var nefnt að mikilvægt væri að fólk gæti komið með hugmyndir inn á fundi og að fólk hefði góða yfirsýn, með því til dæmis að hafa gott yfirlitskort yfir þau svæði sem eru á tillögu að náttúruminjaskrá.

Með samráði í héraði

Umræður beindust meðal annars að því að landeigendur myndu fá formleg erindi áður en kynning myndi eiga sér stað. Virkja þyrfti náttúruverndarnefndir og sveitarfélög og nefnt var mikilvægi þess að sveitarfélög myndu taka þátt í sjálfri kynningunni. Sveitarfélög eru nær íbúum heldur en til dæmis Umhverfisstofnun og því auðveldara fyrir þau að stuðla að samráði. Þá var einnig nefnt að gott væri að nýta heimasíður sveitarfélaga til að virkja samráðið og upplýsingagjöf enn frekar. Þjónustu væri hægt að kaupa frá ýmskonar áttagafélögum, kiwanisklúbbum og kvenfélögum, eða fá þau til að taka þátt í kynningarfundum. Að lokum var talað um að þeir miðlar sem eru notaðir á ólíkum landshlutum, eins og Bændablaðið, hverfisblöð og héraðsmiðlar væri gott að nýta til að ná enn frekar til fólks og auka samráð.

Varðandi gögn náttúruminjaskrár

Mikilvægt er að gögn séu sett fram í smærri einingum, t.d. að lögð sé áhersla á kynningu á svæðum í þeim landshlutum þar sem kynningin fer fram. Upp komu hugmyndir um að nýta samfélagsmiðla og aðra miðla eins og myndbandagerð til að efla kynningu á tillögu að

náttúruminjaskrá. Eins kom fram að sniðugt væri að virkja regnhlífasamtök og biðja þau um að birta efni á sínum heimasíðum. Rætt var mikilvægi þess að kynningarferlið væri á einföldu máli svo að allir sem hefðu áhuga gætu kynnt sér gögnin, eins kom upp sú hugmynd að virkja mætti samtalið sérfræðinga Umhverfisstofnunar í gegnum tölvu og þá væri hægt að ræða beint við þá og koma með spurningar.

Framsetning á gögnum náttúruminjaskrár

Mikilvægt er að framsetning sé einföld, myndræn, rafræn, hvetjandi, áhugaverð og ekki of fræðileg. Eins var talað um að draga þarf saman verðmæti svæðanna til þess að auka enn frekar skilning almennings á mikilvægi ólíkra svæða á náttúruminjaskrá. Að lokum var talað um mikilvægi þess að tilgreina mögulegar hömlur vegna náttúruminjaskrár og eins að kalla eftir hugmyndum um það hvernig best sé að vernda ólík svæði á náttúruminjaskrá.

b. Hvaða upplýsingar og hvernig?

Upplýsingar vegna funda og á fundum

Rætt var mikilvægi þess að koma kynningarefni á framfæri með fundarboðinu sjálfu og að hafa íbúafundi þegar um stór svæði er að ræða. Eins var rædd sú hugmynd að með því að fá sveitunga til að ræða mann við mann þá séu meiri líkur á því að hægt sé að virkja fleira fólk til að koma á kynningarfundum.

Útskýra þarf hvað skráning á náttúruminjaskrá þýðir

Talað var um mikilvægi þess að útskýra þau réttaráhrif sem fylgja náttúruminjaskrá og eins þarf að útskýra bótaréttinn. Eins var rætt að þær upplýsingar sem þurfa meðal annars að koma fram eru *hvaða áhrif hefur þetta á einstaklinga og á sveitarfélög? Hvaða afleiðingar? Kostir og gallar skráningarinnar? Svo var einnig rætt hvað er það sem er verið að vernda, hvernig á að vernda það og ef takmörkunum er beitt, hvers vegna þarf að beita þeim?*

Annað sem kom fram í þessum umræðuþætti:

- Kynningin þarf að vera á frumstigi.
- Hafa „Q&A“ – spurningar og svör.
- Staðirnir séu settir fram á korti til að fólk geti betur áttað sig á svæðunum sem um ræðir. Vistfræðikort einnig.
- Upplýsingar séu svipaðar og þegar verið er að gera matskýrslu.
- Þarf þetta að fara í mat á umhverfisáhrifum?
- Koma þessu á vinnuhópinn – DMP.
- Senda þarf út myndræn gögn ef hægt er.
- Ítarefnið þarf að liggja fyrir.
- Fá stutta yfirferð áður en til umsagnarferlis kemur og ekki vinna það ferli fyrir luktum dyrum.

Tillögur að samráðsaðilum sem má bæta við samráðslista vegna kynningar náttúruminjaskrár:

- Skipulagsnefndir sveitarfélaga
- Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga
- Þjóðskrá
- Skátafélagið
- Breiðarfjarðarnefnd
- Ramý
- Landvarðafélagið
- Landssamband Íslenskra Vélsleðamanna (LÍV)
- Landssamtök landeigenda
- Skógræktarfélag Íslands
- Skógræktarfélag á svæðunum sem um ræðir.

Umræður II - verndarráðstafanir

Hópur 1 – Hvers konar verndarráðstafanir viljum við?

Hópstjóri: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

- Umferðarstýringu á verndarsvæðum.
- Lokanir þegar það á við. Æskilegt er að hafa ítölu á sumum svæðum.
- Umferðarstjórnunarkerkingar, til dæmis einstefna á göngustígum.
- Vöktun á verndarsvæði.
- Verndun á upplifun og verðmæti upplifunar.
- Takmörkun á vélum og vélknúnum tækjum.
- Verndarskilmálar verða að vera sveigjanlegir.
- Fræðslu- og upplýsingaskilti.
- Landvarsla
- Fræðslu landvarða.
- Fleiri gestastofur.
- Nærsamfélagið verði haft með svo heimafólk hafi hlutdeild inni á hverju svæði.
- Stuðningur við svæðið.
- Opnun svæða þegar það er hægt.
- Mat á ástandi og ógnum, hvort svæði þoli innviði.
- Uppbygging innviða sé framkvæmd út frá þolmörkum svæða.
- Ekki er ástæða til að auglýsa svæði ef þau þola ekki ágang.
- Skoða þarf hvert er markmið verndar og hvað á þá að hafa á svæði.
- Ekki óttast reglusetningar sem sér fram á vernd svæðis!
- Friðlýsingaskilmálar séu skýrir og stjórnunar- og verndaráætlanir með skýr markmið.
- Stígar séu aðlagðir að landsvæði.
- Stýring með gjaldheimtu til að byggja upp svæði.

Hópur 2 - Hvað eru ásættanlegir innviðir?

Hópstjóri: Jón Björnsson

- Tegund og þjónustustig svæðis ræður mestu um innviði og innviðauppbýggingu.
- Almenningsamgöngur séu á fjölsóttum svæðum.
- Innviðir taki mið af þolmörkum svæðis.
- Setja þarf takmörkun á uppbyggingu innviða ef hún leiðir til fjölgunar ferðamanna.
- Greina þarf milli nauðsynlegra innviða og þjónustuinnviða.
- Innviðir fullnægi þörf og leiði til verndar en rýri ekki gildi svæðisins.
- Meta hvort innviðir þurfi að vera innan svæðis eða á mörkum þess (utan).
- Hönnun innviða þarf að vera vönduð og falla að svæðinu. Hafa þarf endingu og gæði í huga við hönnun.
- Landvarsla skiptir verulega máli enda fylgir henni stýring, sýnileiki, vöktun og fræðsla.
- Sorplosun þarf að takmarka sem mest og finna þarf leiðir til þess að auka ábyrgð gesta á eigin sorpi.
- Losa beri rusl utan verndarsvæða.
- Forðast ber að láta innviði hafa neikvæð áhrif á gildi svæða, upplifun gesta og víðernistilfinningu svo og byggja innviði ekki of nálægt stakinu (foss t.d.) sem verndunin snýst um og gestir koma til að skoða.
- Styðja og nýta nærþjónustu fremur en byggja hana upp innan svæða.
- Áætlunarferðir á svæðum þar sem því verður við komið fremur en bílaleigubílar/ einkabílar.

Hópur 3: Hvernig stöndum við saman að verndun náttúruverndarsvæða?

Hópstjóri: Guðbjörg Gunnarsdóttir

- Landverðir verði á öllum svæðum, líka þeim sem ekki eru friðlýst. Mikilvægt er að þeir séu ráðnir í heilsársstöður.
- Hlutverk landvarða eru ólík eftir svæðum, á þeim sem ekki eru friðlýst þarf að fylgjast með að lögbrot séu ekki framin en á friðlýstum svæðum þarf líka að taka tillit til skilmála/reglna sem gilda á svæðinu.
- Landverðir þurfa að koma upplýsingum til allra hlutaðeigandi aðila.
- Samkomulag þarf að vera við landeigendur.
- Ríkið getur ekki sótt um fjármagn í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en sveitarfélög geta það. Þarf samtal á milli til að sækja um fjármagn í góð samstarfsverkefni.
- Samráð er lykilþáttur.
- Svæðisbundið samráð, nokkur svæði saman, meira samstarf þarf innan hvers svæðis/landshluta.
- Öflugar svæðisskrifstofur Umhverfisstofnunar eru mikilvægar. Þjóðgarðastofnun.
- Heimafólk sé virkt, á forsendum þess.

- Samtal þarf á milli stofnana, t.d. þjóðgarðanna. Unnið er að sömu hlutum á fleiri en einum stað og mikilvægt er að samræma verklag. Þverfaglegt samstarf þarf að vera á milli fagaðila, stofnana og stjórnvalda.
- Upplýsingum sem er aflað um merkileg svæði þarf að koma á framfæri, þær eru grunnur ákvarðanatöku.
- Hafa þarf sameiginlegan gagnagrunn um rannsóknir og niðurstöður.
- Fé vantar, taka þarf upp gjaldtöku til að aðstoða við uppbyggingu innviða. Útfærsluatriði hvernig það er gert.
- Byggja þarf upp stíga og skilti; ríki, sveitarfélög, ferðaþjónusta og landeigendur ef þeir hafa leyfi til gjaldtöku.
- Náttúrustofur kynni störf sín.
- Skipulags- og byggingafulltrúar eru mikilvægir tengiliðir.
- Hafa kortaþekjur sem sýna náttúruverndarsvæði á kortum hjá stofnunum. Það vantar miðlægan kortagrunn um allt sem viðkemur stjórnsýslu.
- Skilgreina tengiliði Umhverfisstofnunar, sveitafélaga og náttúrustofa. Hafa vinnufundi reglulega, 1x í mánuði til dæmis.

Hópur 4. Hvað er ásættanlegt öryggi?

Hópstjóri: Hákon Ásgeirsson

- Hvernig þarf að auka öryggisráðstafanir á náttúruverndarsvæðum?
 - Tryggja þarf að gönguleiðir sem eru stikaðar sé viðhaldið. Þegar búið er að stika gönguleið og auglýsa hana á sá sem sér eða sá um að stika leiðina að halda henni við.
 - Tryggja þarf að þeir aðilar sem setja upp innviði skuldbindi sig til þess að halda þeim við. Þegar innviðir eru settir upp á ferðamannastöðum ætti að skilgreina ábyrgðaraðila og hann beri ábyrgð á að viðhalda innviðunum.
 - Þeir staðir sem aðili vísar á á ferðamannastöðum sem er ekki með skilgreindan umsjónaraðila, fullvissi sig um að staðurinn sé öruggur, að ekki sé vísað á staði þar sem óvíst er um öryggi gesta.
 - Ríkisstofnanir og sveitarfélög geta bætt öryggi á fjölförnum náttúruverndarsvæðum með reglulegri landvörslu allt árið um kring. Landverðir leiðbeina og vara við hættum í náttúrunni.
- Hvar liggur ábyrgðin (t.d. hvað varðar upplýsingagjöf til gesta?) – Hjá landeiganda, umsjónaraðila, ríki, sveitafélagi, leiðsögumönnum, ferðamönnum?
 - Ábyrgðin liggur hjá öllum upp að vissu marki. Ferðamaðurinn ber ábyrgð á sjálfum sér í ósnortinni náttúru. Aðrir sem gera út á svæði eða umsjónaraðilar svæða bera ábyrgð á því að leiða fólk ekki í hættu, þar sem innviðir eru til staðar eða þar sem vísað er á staði, með upplýsingagjöf. Ef vísað er á staði þarf að taka fram í upplýsingum ef um hættu er að ræða á viðkomandi stað.

- Upplýsingagjöfin liggur hjá umsjónaraðilum, ferðaþjónustaðilum, ríki og sveitarfélögum. Ef landeigandi rekur ferðamannastað á sínu landi er ábyrgðin hjá honum varðandi upplýsingagjöf, einnig hjá ferðaþjónustuaðilanum sem selur ferð þangað.
- Markaðsfyrirtæki bera ábyrgð á réttri markaðssetningu, að svæði sé markaðssett með þeim hætti að það leiði fólk ekki til lögbrota eða í hættu.

Hópur 5: Hvernig stuðlum við að skilvirkara samstarfi í stjórnsýslu?

Hópstjóri: Hildur Vésteinsdóttir

Leyfisveitingar – framkvæmdir, utanvegaakstur, kvikmyndataka, annað.

Umræður um hvernig við getum stuðlað að skilvirkara samstarfi í stjórnsýslu með áherslu á að sveitarfélögin séu meðvituð um leiðbeiningaskyldu sína þegar kemur að leyfisveitingum á friðlýstum svæðum.

- Að Umhverfisstofnun minni reglulega á sig.
- Með opinni samtalsgátt.
- Bent var á vettvanga til samstarfs, þ.e. félag tæknimanna hjá sveitarfélögum og félag byggingarfulltrúa. Þessir aðilar koma oft að leyfisveitingum sveitarfélaga og því gott að þeir séu upplýstir um þær reglur er gilda varðandi leyfisveitingar á friðlýstum svæðum. Eins væri gott að upplýsa starfsmenn Náttúrustofa um þær reglur sem eru í gildi því að þeir eru oft í góðum samskiptum við starfsmenn sveitarfélaga.
- Að gerður sé samhæfður gátlisti, hvaða leyfi þarf og hvenær.
- Bent á að Umhverfisstofnun gæti verið sýnilegri.
- Persónulegt samtal við sveitarfélög varðandi leyfisveitingar.
- Að Umhverfisstofnun blási til sóknar í fræðslu, að skyldur sveitarfélaga séu kynntar.
- Bent á að kanna hvort að umfjöllun um leyfisveitingar Umhverfisstofnunar séu í leiðbeiningablöðum frá Skipulagsstofnun.
- Að gert verði einfalt flæðirit til að skýra hlutverk Umhverfisstofnunar varðandi leyfisveitingar á friðlýstum svæðum.
- Aukið samstarf við Náttúrustofur.

Umsagnir

Hvað getum við gert til að stuðla að því að frekar sé farið eftir ábendingum í umsögnum Umhverfisstofnunar?

- Með betri og skýrari rökstuðning.
- Að kröfur í umsögnum séu raunhæfar og að gagnkvæmur skilningur ríki, þ.e. að Umhverfisstofnun skilji afstöðu sveitarfélaga, sem verða jafnframt að leggja sig fram um að skilja afstöðu Umhverfisstofnunar.

- Ef ekki er farið eftir umsögnum Umhverfisstofnunar, óska eftir upplýsingum hvers vegna það var ekki gert.
- Forgangsröðun, hvaða umsagnir Umhverfisstofnun gerir.
- Beint samtal er líklegra til árangurs heldur en skriflegar umsagnir.
- Flokka ábendingar í umsögnum eftir alvarleika, þ.e. að skýrt sé hvaða atriði það eru sem Umhverfisstofnun leggur áherslu á að sé breytt eða lagað (alvarlegar athugasemdir), hvaða ábendingum er æskilegt að fara eftir og loks atriði sem stofnunin vill benda á en leggur ekki mikla áherslu á.
- Umhverfisstofnun á að vera óhræddari við að taka djúpt í árinna.
- Meiri áhersla á varúðarsjónarmið og stofnunin á að stíga fastar niður.
- Að Umhverfisstofnun verði beinskeittari.
- Skýrar og hnitmiðaðar umsagnir.
- Að Umhverfisstofnun hætti að veita umsagnir.
- Að Umhverfisstofnun verði með frá fyrstu hendi í skipulagsvinnu.

Hópur 6: Hvernig virkjum við samfélagið í verndun náttúruverndarsvæða?

Hópstjóri: Davíð Örvar Hansson

- Nærsamfélag
- Ferðapjónusta
- Landeigendur
- Rekstraraðilar sem nýta svæðin
- Hagsmunaaðilar

Flestir voru sammála um að fræðsla væri lykillinn. Fræða ætti börn en börnin eru framtíðin auk þess sem börn hafa áhrif á foreldrana. Horfa ætti til þess að fræðsla beinist helst að almenningi en almenningur setur þrýsting á aðra hlutaðeigandi auk þess sem allir hagsmunaaðilar eru þegar öllu er á botninn hvolft almenningur.

Fræðsla verður að vera skýr og hnitmiðuð. Mikilvægt er að útskýra hvers vegna þörf er fyrir íþyngjandi reglur svo að hægt sé að skapa skilning fyrir þeim.

Fræðsla fyrir börn:

- Skólaverkefni sem tengjast umhirðu náttúrusvæða, tiltekt eða létt viðhald t.d. eins og í Dalvíkurbyggð þar sem börn breiða yfir fugla- og blóma merkingar fyrir veturinn og taka svo ábreiður af að vori.
- Útivera og/eða útikennsla fyrir börn þar sem áhersla er lögð á náttúrutúlkun.
- „Junior Ranger Program“ þar sem landverðir taka á móti börnum og setja fyrir þau verkefni sem landvörður fer svo yfir. Víða er veitt viðurkenning fyrir „unga landverði“ fyrir vel leyst verkefni.

Fræðsla fyrir fullorðna:

- Samfélagsverkefni sem veita beina eða óbeina umbun.
 - Ruslatínsla
 - Lúpínusláttur
 - Átaksverkefni ýmiskonar
- Fræðsla á samfélagsmiðlum.
- Myndbönd á netinu eða í sjónvarpi.
- Bein umbun:
 - Greiðsla til félaga eða hópa fyrir t.d. ruslatínslu.
 - Boðið upp á mat á eftir.
 - Greitt fyrir far á fáfarnar slóðir.
- Óbein umbun:
 - Upplifun
 - Félagslegur viðburður

Sveitarfélög mættu gjarnan taka frumkvæði að náttúruvernd t.d. með því að skipuleggja átaksverkefni, auka á umhverfisvitund í grunnskólum auk þess að stuðla að umhverfisvernd almennt. Möguleiki væri að fjölga umsjónarsamningum þar sem sveitarfélög taka á sig meiri ábyrgð á rekstri friðlýstra svæða og ná þannig að auka nánd íbúanna við svæðin.

Hið opinbera mætti gefa út handbók um samfélagsverkefni sem virkaði sem einskona hugmyndabanki að verkefnum og framkvæmd þeirra.

Gagnvart ferðapjónustunni mætti virkja gæðakerfi Vakans enn meira en þar undir er umhverfisgæðakerfi sem getur veitt ferðapjónustuaðilum ákveðna umbun í formi viðurkenningar. Þar þarf að horfa til ýmissa þátta í umhverfisvænum rekstri en einnig þarf að horfa til markaðsstarfs ferðapjónustuaðila.

Líklega eru flestir landsmenn meðvitaðir um mikilvægi umhverfisverndar en mögulega er sá meirihluti þögull. Mikilvægt er að aðstoða þann þögla meirihluta að láta í sér heyra. Einnig eiga þeir sem láta sig málin varða að vera sýnilegir og láta í sér heyra. Verum sýnileg þegar vel er gert!